



## LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **22-090F016**

Dags: **4. september 2022**

Staður: **Á vegi við suðurströndina í grennd við Forsæti**

Lýsing: **Nauðlenti vegna eldsneytisskorts**

Flugmaður á TF-EJG (Textron Aviation Inc. R172K) lagði af stað frá Reykjavíkflugvelli kl. 09:23 og lenti á Bakkaflugvelli eftir um það bil 50 mínútna flug þar sem hann sótti farþega. Eftir um það bil 45 mínútna stopp á Bakkaflugvelli flaug hann svo ásamt farþeganum frá Bakkaflugvelli yfir Mýrdalsjökul. Áætlað flugþol frá Bakkaflugvelli var 4 klst. Að því loknu lenti flugmaðurinn aftur á Bakkaflugvelli til þess að taka eldsneyti en áttaði sig þá á því að ekki var eldsneytisþjónusta á Bakkaflugvelli. Hann lagði því aftur af stað frá Bakkaflugvelli án þess að bæta við eldsneyti og hugðist taka eldsneyti á Selfossflugvelli. Á þessum tíma gáfu eldsneytismælar til kynna að um 6-8 USG væru á flugvélinni eða um klukkustundar flugþol. Á leiðinni flaug hann útsýnisflug með farþegann um Þjórsárósa vegna myndatöku og flaug nokkra hringi þar.

Að því loknu setti hann stefnuna á Selfoss en þegar hann var að nálgast Forsæti varð hann var við gangtruflanir og stöðvaðist hreyfillinn skömmu síðar. Hann nauðlenti flugvélinni á vegi skammt frá Forsæti, fékk þar eldsneyti á brúsa, setti á flugvélina og flaug henni til Selfossflugvallar þar sem hann tók meira eldsneyti.

Flugmaðurinn mældi eldsneytið ekki eftir eldsneytisafyllinguna með hefðbundnum hætti (dipstick) og studdist því einungis við eldsneytismæla flugvélarinnar.

RNSA vill benda flugmönnum á að Samgöngustofa hefur gefið út leiðbeiningaefni um ráðstafanir til að koma í veg fyrir eldsneytisskort sem finna má á vef stofnunarinnar undir hlekknum:

<https://eplica.samgongustofa.is/media/flug/FYRIRBYGGJA-ELDSNEYTISSKORT-2021.pdf>

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 8. desember 2022.